

Ed.

703. Breytingartillögur

[201. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Reynist þjóðhagslega hagkvæmt að dómi raforkuráðs og ráðherra þess, sem fer með raforkumál, að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.

Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar skilgreint í reglugerð.

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Landsvirkjun er heimilt að reisa 70 þús. kW. raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Þá er Landsvirkjun og heimilt, ef hagkvæmt reynist að athuguðu máli, að reisa 14 þús. kW. orkuver við Kláffoss í Borgarfirði, 30 þús. kW. orkuver við jarðgufustöð í Hveragerði og 22 þús. kW. orkuver við Brúará við Efstadal.

3. Við 8. gr. Upphof 1. málsg. orðist svo:

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð 9 mönnum. Skulu fjórir kosnir af Alþingi með hlutfallskosningu. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs fjóra menn með sama hætti. Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skipa sameiginlega níunda manninn, og skal hann vera formaður.

4. Við 11. gr.

a. 1. málsg. orðist svo:

Stjórn Landsvirkjunar ákveður heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku eftir þeirri meginreglu, að það sé framleiðslukostnaðarverð að viðbættum allt að 7%.

b. Við greinina bætist:

Orkusölusamningar við erlenda aðila skulu háðir samþykki Alþingis.

5. Við 17. gr. Í stað orðanna „sjö menn“ í 2. mgr. komi: níu menn.